

Stefna BlackBerry um gagnaleynd

BlackBerry Limited, dótturfyrirtæki þess og samstarfsfyrirtæki ("BlackBerry") skuldbinda sig til að viðhalda langtímastefnu um gagnaleynd og öryggi persónuupplýsinga þinna, þ.e. upplýsingar um einstaklinga (eins og greint er frá í gildandi lögum um gagnaleynd).

Stefna þessi um gagnaleynd gerir grein fyrir starfsvenjum BlackBerry þegar unnið er með persónuupplýsingar þínar, þ.m.t. söfnun, notkun, vinnsla, flutningur, geymsla eða uppljóstrun þeirra, nema í tilfellum þar sem dótturfyrirtæki BlackBerry eða samstarfsfyrirtæki hefur gefið út eigin stefnu um gagnaleynd. Þar að auki getur verið að viðbótarupplýsingar um notkun persónuupplýsinga þinna ("Tilkynning") sé að finna í samningum eða leiðbeiningum sem fylgja með ákveðnum vörum, þjónustu, hugbúnaði eða vefsíðu BlackBerry ("Þjónusta BlackBerry"). Lögmæti stefnu þessarar um gagnaleynd heyrir undir gildandi lög, að meðtöldum lagasetningum, reglugerðum og dómsúrskurðum eða úrskurðum lögmætra yfirvalda eða deilda eða málsóknarrétta. Þar sem þú hefur bundist samningi við BlackBerry, mun BlackBerry vera gagnastjóri persónuupplýsinga þinna þegar slíkt á við.

1. Ábyrgð BlackBerry

BlackBerry ber ábyrgð á og stjórnar persónuupplýsingum, þ.m.t. flutningi persónulegra upplýsinga til þriðju aðila sem munu vinna með þær fyrir hönd BlackBerry (t.d. þjónustuveitendur BlackBerry).

2. Ástæður þess að BlackBerry notar persónuupplýsingar þínar

Þegar þú notar þjónustu BlackBerry, ert í samskiptum við BlackBerry, tekur þátt í keppni þar sem BlackBerry er stuðningsaðili eða ert í einhverjum tengslum við BlackBerry, getur BlackBerry notað persónuupplýsingar þínar í eftirfarandi tilgangi:

- til að hafa betri skilning á þörfum þínum og forgangsattriðum og geta þannig mætt þeim og til að geta veitt þér þjónustu BlackBerry, t.d.:
 - til notkunar í sambandi við reikninga, virkjun, ráðstöfun, viðhald, aðstoð, úrræðaleit, úrlausn deilumála, afvirkjun, viðgerð, endurnýjun, skiptingu eða uppfærslu á þjónustu BlackBerry;
 - til að tryggja að þjónusta BlackBerry virki á réttan hátt og til að hjálpa til við að bera kennsl á og leysa úr ágreiningsmálum;
 - til að bæta upp eða framfylgja tilkynningum um þjónustu BlackBerry;
 - til að stjórna eða svara fyrirspurnum þínum;
- til að þróa nýja þjónustu og bæta upp þá þjónustu sem í boði er hjá BlackBerry, þ.m.t. til að geta verið í sambandi við þig í gegnum mismunandi samskiptamöguleika varðandi þjónustu þessa, t.d. til að senda þér eða veita þér aðgang að:
 - uppfærslum, eða tilkynningum um uppfærslur, þjónustu BlackBerry eða efni frá þriðju aðilum eða tengdum vörum, þjónustu og hugbúnaði;
 - tilkynningum um afslátt og væntanlega atburði;
- til að stjórna og þróa fyrirtæki okkar og aðgerðir, s.s.:
 - að bera kennsl á, stjórna, kanna, draga úr eða reyna að sneiða hjá svindli og tæknilegum eða öryggistengdum deilumálum eða vernda einkarétt BlackBerry;
 - að gera fyrirtækjum kleift að starfa órofið og endurheimta gögn eftir stórslys;
 - að halda uppi lagalegum rétti BlackBerry;

- af tölfræðilegum ástæðum;
- að standa undir löglegum og reglubundnum kröfum og bregðast við neyðarástandi, t.d.:
 - dómsúrskurði, tilskipunum eða öðrum lögbundnum beiðnum eða lagalegum ferlum;
 - að veita neyðarhjálp í tilfellum þar sem líf þitt eða annars fólks eða líkamlegt heilbrigði er í hættu; eða
- vegna annarra ástæðna sem þú hefur samþykkt, s.s. þeirra sem gert er grein fyrir í tilkynningum, og annarra ástæðna sem leyfilegar eru eða krafist er skv. gildandi lögum.

3. **Samþykki þitt**

Áður en þú notar þjónustu BlackBerry getur verið að þú verðir beðin(n) um að samþykkja gildandi tilkynningu sem getur innihaldið viðbótarupplýsingar varðandi meðhöndlun persónuupplýsinga af hálfu BlackBerry. Með því að samþykkja tilkynninguna eða með því að nota þjónustu BlackBerry, samþykkir þú að BlackBerry meðhöndli persónuupplýsingar um þig í þeim tilgangi sem BlackBerry hefur greint frá.

a) **Tilfelli þar sem ekki er þörf á samþykki**

Í sumum tilfellum getur verið þörf á að nota persónuupplýsingar um þig án þess að þú samþykkir það (ræðst af dómsvaldi og gildandi lögum). Til dæmis getur verið að BlackBerry biðji þig ekki um samþykki:

- í neyðartilfellum þar sem líf, heilsa eða öryggi einstaklinga er í hættu;
- í tilfellum þar sem ekki er hægt eða ekki er hentugt að fá samþykki af lagalegum, heilsufræðilegum eða öryggistengdum ástæðum;
- þegar þörf er á upplýsingum til að bera kennsl á og sneiða hjá svindli;
- þegar upplýsingar eru gefnar lögfræðingi sem fram kemur fyrir hönd BlackBerry;
- til að innheimta skuld;
- til að verða við vitnastefnu, tilskipun eða öðrum dómsúrskurði, lögbundinni beiðni eða lagalegu ferli; eða
- öðru sem dómsvald krefst eða leyfir.

b) **Börn**

Vísitandi mun BlackBerry ekki meðhöndla persónuupplýsingar um aðila undir 13 ára aldri án leyfis frá foreldri eða lögráðamanni.

c) **Uppsafnaðar eða nafnlausar upplýsingar**

BlackBerry áskilur sér rétt til að meðhöndla, selja, skipta eða leigja uppsafnaðar eða nafnlausar upplýsingar sem ekki eru einstaklingstengdar.

4. **Upplýsingar sem unnið er með**

Þær upplýsingar sem BlackBerry vinnur með eru breytilegar. Til dæmis:

- a) **Upplýsingar um reikning og félagsaðild:** Upplýsingarnar sem BlackBerry vinnur með geta innihaldið nafn þitt, heimilisfang, netfang, símanúmer, BlackBerry auðkennisnúmer, auðkennisnúmer búnaðar í þinni eigu, s.s. PIN númer BlackBerry símans, upplýsingar um senditíma símaþjónustu þinnar, samskipti við BlackBerry og allar skráðar kvartanir. BlackBerry getur einnig unnið með

- innskráningarupplýsingar reiknings þíns, aðgangsorð, upplýsingar um notandasnið og aðrar upplýsingar sem þú gefur upp til að auðvelda þá þjónustu sem þú notar hjá BlackBerry.
- b) **Notkun:** Í sumum tilfellum mun BlackBerry meðhöndla upplýsingar um forrit sem eru í notkun í símanum þínum, að meðtöldri þjónustu þriðju aðila (þ.e. forrit, vörur, þjónusta, hugbúnaður, vefsíður eða efni frá þriðju aðilum, að meðtöldu símafyrirtæki eða þróunaraðila forrita sem hægt er að nota með þjónustu BlackBerry, en eru ekki í boði, notuð eða studd af hálfu BlackBerry). Þar af leiðandi, ef þú notar þjónustu þriðju aðila fyrir BlackBerry reikning þinn eða búnað, getur BlackBerry tekið saman upplýsingar og gefið þær upp til þriðja aðila, eða fengið þær frá þriðju aðilum, til að auðvelda eða bæta upp þá þjónustu og þá notkunareiginleika sem í boði eru.
- c) **Gögn sem geymd eru í skýinu eða öryggisafrit gagna:** Ef þú notar skýið eða öryggisafritun og endurheimtunarþjónustu BlackBerry, getur verið að upplýsingar frá búnaði þínum eða reikningi, að meðtöldum tengiliðum, netföngum, dagbók, minnispunktum, verkefnum, myndum, stöðuskilaboðum, marmiðlunarskjölum og öðrum upplýsingum sem eru til staðar í búnaðinum, verði sendar til BlackBerry til að auðvelda notkun búnaðarins eða bæta hana upp, sem og fjartengingar og endurheimtun þessara gagna í búnaðinn í gegnum viðeigandi þjónustu.
- d) **Netkökur eða samsvarandi tækni:** Netkaka er lítið textaskjal eða brot af gagnaskjali sem halað er niður í tölvuna þína eða annan búnað þegar þú ferð á vefsíðu. Netkøkurnar eru svo sendar til baka á vefsíðuna sem þær komu frá í hvert skipti sem hún er heimsótt aftur, eða til annarrar vefsíðu sem styður netkökuna. Þar sem netkökur eru partur af þjónustu BlackBerry, getur BlackBerry af og til notað mismunandi gerðir af netkökum ("Cookies") eða samsvarandi tækni. Sumar netkökur eru **nauðsynlegar** til að auðvelda notkun þína á þjónustu BlackBerry (t.d. þegar innkaupakarfa er notuð) eða til að vernda þig og BlackBerry þegar þú skrár þig inn til að nota ákveðna þjónustu (t.d. við geymslu innskráningarupplýsinga til að auðvelda þér notkun á þjónustu BlackBerry eða við staðfestingu á innskráningu þinni). Aðrar netkökur eru **afkastatengdar**, t.d. til greininga eða til annars sem eykur skilning okkar á því hvernig viðskiptavinir okkar nota þjónustu BlackBerry svo að við getum veitt nýja og betrubættu þjónustu (s.s. hvaða síður eða eiginleikar eru vinsælust). Sumar netkökur eru **virknitengdar** og hjálpa þér við að gera reynslu þína persónutengdari og auðvelda þannig notkun á þjónustu BlackBerry (t.d. kjörstillingar varðandi tungumál eða lögsagnarumdæmi), eða hjálpa BlackBerry að veita þér persónubundið efni. Aðrar netkökur eða samsvarandi tækni er hægt að nota fyrir **auglýsingar með markhóp** (t.d. hægt er að fjármagna hluta af þjónustu BlackBerry með auglýsingatekjum og birting auglýsinga og kynninga sem ekki eru ætlaðar ópersónulegum eigindum eða uppsöfnunargögnum sem BlackBerry hefur safnað saman, og BlackBerry eða þjónustuveitendur okkar geta notað slíkar auglýsingar fyrir þjónustu BlackBerry). Sem partur af greiningaþjónustu og til að hjálpa við birtingu auglýsinga á netinu, getur verið að nafnlausar upplýsingar eða uppsöfnunarupplýsingar um notkun á þjónustu BlackBerry verði veittar án þess að þjónustuveitendur okkar auðkenni þig. Flestir vafrarar eru upphaflega stilltir til að þeir geti stutt netkökur, en yfirleitt er hægt að breyta stillingum vafrarans til að geta hafnað netkökum eða til að gefið sé til kynna þegar netkaka er send. Yfirleitt er hægt að nota stillingar vafrarans til að fjarlægja eða hindra netkökur, en það getur haft áhrif á notkun ákveðins hluta þjónustu BlackBerry þar sem slíkt getur dregið úr virkni eða stöðvað hana. Ef þú gerir netkökur ekki óvirkar, samþykkir þú notkun BlackBerry á netkökum í samræmi við þessa stefnu um gagnaleynd. Vinsamlegast leitaðu í kaflann hér að neðan um **"Stjórnun kjörstillinga"** til að fá nánari upplýsingar um stjórnun á notkun vefkaka af hálfu BlackBerry.
- e) **Fjárhagslegar upplýsingar:** Ef þú kaupir vöru, þjónustu, hugbúnað eða notendapjónustu hjá BlackBerry eða þjónustuveitendum okkar, getur BlackBerry notað kortaupplýsingar eða aðrar greiðsluupplýsingar til að auðvelda greiðslu og fjárþjónustu og til að framkvæma fjárhagskannanir, eftir því sem við á. Á sama hátt getur BlackBerry meðhöndlað greiðslu eða aðrar fjárhagslegar upplýsingar þegar þú notar eiginleikann Near Field Communications í búnaðinum þínum.

- f) **Gögn til almennrar notkunar:** Í sumum tilfellum munum við meðhöndla upplýsingar, s.s. tæknilega eiginleika og almennar upplýsingar um hugbúnað og vélbúnað sem notaður er með þjónustu BlackBerry þegar þú notar slíkar vörur, þjónustu eða hugbúnað (t.d. tegund vafrara, tilvísunarsíður eða útgöngusíður, útgáfu stýrikerfis, gerð vélbúnaðar í tækinu þínu eða verkvang tölvu þinnar, IP-fang), eða þegar þú notar BlackBerry-tól til úrræðaleitar (t.d. almenn talnagögn eða upplýsingar um búnað þinn, að meðtöldum atburðaskrá, stillingum forrita, líftíma rafhlöðu, sendistyrki fjarskiptabúnaðar eða þráðlauss búnaðar, endurstilling búnaðar og minni eða upplýsingum um afköst kerfisins).
- g) **Staðsetningarupplýsingar:** Þegar þú notar þjónustu BlackBerry, gerir gagnþjónustu virka, notar vafrara eða staðbundinn eiginleika búnaðar þíns, staðsetningarupplýsingar sem tengjast búnaði þínum (t.d. Global Positioning System (GPS) eða svipaða gervihnattaþjónustu, kenni símakerfis eða farsíma, getur verið að BSSID og MAC-fang (Media Access Control address Wi-Fi aðgangsstaða og styrkur sendimerkis sjáanlegra Wi-Fi smellstaða eða þráðlauss búnaðar) verði gefið upp til BlackBerry eða þjónustuveitenda okkar. Ef BlackBerry safnar og geymir slíkar upplýsingar, mun það vera á sniði sem ekki mun auðkenna þig (t.d. mun BlackBerry ekki viðhalda kerfi sem tengir einstaklinga við auðkenni útvarpssendingar um gervihnött (BSSID)). Vera má að BlackBerry meðhöndli slíkar upplýsingar til að veita þér upplýsingar eða gera þér greiðari leið að upplýsingum um staðarbundna þjónustu (t.d. kortþjónustu, mælingu á umferð, staðarbundnum afslætti eða afsláttarmiðum). Ef þú ákveður að nota staðarbundna þjónustu, samþykkir þú að upplýsingar um landfræðilega staðsetningu verði notaðar til að veita þér slíka þjónustu. Vera má að þú getir stjórnað heildarstillingum GPS-tækis, staðsetningareiginleikum eða einstaklingsbundnum stillingum hvers forrits í gegnum stillingar búnaðar þíns. Ef þú kýst að nota staðarbundna þjónustu eða önnur forrit til að gefa öðrum upplýsingar um staðsetningu þína, munt þú bera fulla ábyrgð á þeim áhættum sem því fylgja og þú ert ábyrg(ur) fyrir rétttri notkun staðsetningarupplýsinga í samræmi við gildandi lög. Ef þú notar þjónustu frá þriðju aðilum sem veita staðarbundna þjónustu, skaltu vinsamlegast leita í skilmála og skilyrði og stefnu um gagnaleynd þeirra aðila til að fá upplýsingar um meðhöndlun upplýsinga um staðsetningu þína og persónuupplýsinga, en einnig hvernig hægt er að segja upp staðarbundinni þjónustu og auglýsingum sem koma frá þriðju aðilum.
- h) **Gæðaeftirlit og notendþjónusta:** Það má vera að samtöl þín við BlackBerry og þjónustuveitendur BlackBerry verði tekin upp eða vöktuð vegna gæðaeftirlits s.s. til að veita aðstoð við val á netföngum, beiðnum þínum, úrræðaleit, þjálfun og greiningu til að geta borið kennsl á leitni og til að bæta upp þjónustu BlackBerry.
- i) **Upplýsingar um þriðju aðila:** Ef nauðsynlegt er fyrir BlackBerry að sameina upplýsingar sem þú sendir til BlackBerry og upplýsingarsem fengnar eru af öðrum uppruna eða frá þriðju aðilum, mun BlackBerry gera svo. Til dæmis, vera má að BlackBerry fái persónuupplýsingar um þig frá þriðju aðilum sem veita þér vörur, þjónustu, hugbúnað og vefsíður; um er að ræða t.d. símafyrirtæki til að auðvelda þér þráðlausa þjónustu eða í sumum tilfellum þriðju aðila sem selja þér þau forrit sem þú notar í búnað þinn. BlackBerry meðhöndlar allar persónuupplýsingar í samræmi við stefnu um gagnaleynd og skilmála og skilyrði á milli BlackBerry og þriðju aðila, ef slíkt á við. Í slíkum tilfellum mun notkun persónuupplýsinga af hálfu þriðju aðila vera í samræmi við þann samning/þá samninga sem þú hefur gert við þriðju aðila, nema þriðju aðilar séu þjónustuveitendur BlackBerry.

Sumar upplýsingar munu ekki gera BlackBerry kleift að auðkenna þig eða munu ekki vera auðkennanlegar og eru því ópersónulegar upplýsingar. Ef BlackBerry sameinar ópersónulegar upplýsingar og persónuupplýsingar sem BlackBerry hefur aðgang að, mun slík upplýsingasöfnun vera álitin persónubundin í samræmi við þessa stefnu um gagnaleynd.

5. Meðhöndlun persónuupplýsinga af hálfu BlackBerry

a) Varðveisla

BlackBerry geymir persónuupplýsingar eins lengi og þörf er á með tilliti til stefnufestu BlackBerry eða til að vera í samræmi við gildandi lög. Þegar BlackBerry hefur ekki lengur þörf á persónuupplýsingum eða ef þess er krafist í gildandi lögum, mun BlackBerry sjá um að eyða þeim, eyðileggja, safna þeim saman eða gera þær nafnlausar. Í samræmi við góða viðskiptahætti, mun BlackBerry stöðugt þróa eftirlit, áætlanir og þjálfun varðandi geymslu upplýsinga og skráa og eyðingu þeirra eins og við á um persónuupplýsingar þínar.

b) Alþjóðlegar aðgerðir og áframsendingar

BlackBerry er til staðar á heimsvísu, með skrifstofur og aðstöður í mörgum lögsagnarumdæmum. Allar alþjóðlegar aðgerðir og áframsendingar BlackBerry eru bundnar þessari stefnu um gagnaleynd, nema í tilfellum þar sem dótturfyrirtæki BlackBerry eða samstarfsfyrirtæki hefur sína eigin stefnu um gagnaleynd.

Til að auðvelda notkun á þjónustu BlackBerry og til að geta veitt þér betri þjónustu, samþykkir þú að persónuupplýsingum þínum verði safnað, að þær séu notaðar, meðhöndlaðar, sendar eða geymdar af hálfu BlackBerry eða fyrir hönd BlackBerry í mörgum lögsagnarumdæmum, þ.m.t. í Kanada, Bandaríkjunum, í löndum evrópska efnahagssvæðisins, Singapur og öðrum löndum þar sem BlackBerry eða þjónustuveitendur BlackBerry hafa skrifstofur eða aðstöðu, þ.m.t. í öðrum löndum en því sem þú ert staðsett(ur) í, og hafa þ.a.l. önnur lög um gagnaleynd eða friðhelgi einkalífs og að þú getir því heyrt undir lög þessara landa. Ef þú býrð í landi sem er á evrópska efnahagssvæðinu eða í landi sem takmarkar gagnasendingar utan lögsagnarumdæmisins eða svæðisins sem þú býrð á án þíns leyfis, þá samþykkir þú að persónuupplýsingar þínar séu sendar til landa utan evrópska efnahagssvæðisins eða til annarra landa utan við þitt búsetuland til að BlackBerry eða fyrirtæki fyrir hönd BlackBerry geti unnið með þær eða geymt þær.

Þar sem fyrirtæki okkar vinnur á heimsvísu, getur það gerst að BlackBerry þurfi að gefa upplýsingar eða veita aðgang að samskiptaupplýsingum, þ.m.t. innihald samskipta þinna og aðrar upplýsingar í samræmi við lög þeirra landa þar sem BlackBerry, þjónustuveitendur, dótturfélög og gögn eru staðsett í. Með notkun á þjónustu BlackBerry, samþykkir þú að við fylgjum eftir gildandi lögum og lagalegum ferlum þar sem BlackBerry telur að þörf sé á að gefa upp upplýsingar eða veita aðgang að samskiptaupplýsingum og öðrum upplýsingum.

c) Miðlun upplýsinga varðandi markaðssetningu BlackBerry

BlackBerry getur haft samband við þig með ýmsum hætti, s.s. með notkun netfanga sem þú tengir við BlackBerry búnað eða í gegnum auðkennisnúmer búnaðar þíns (t.d. PIN-númer). BlackBerry getur sent upplýsingar, kannanir, markaðsefni, auglýsingar eða sérhannað efni sem hefur verið aðlagð til að það höfði betur til þín með tilliti til viðskiptasambands þín og BlackBerry. Til dæmis, það getur verið að við sendum þér efni ef þú hefur ekki sagt upp áskrift að slíkum sendingum þar sem það er löglegt og þar sem þú hefur samþykkt að fá slíkar sendingar og notar ókeypis þjónustu sem byggist á þeim (þ.m.t. útmiðaðar auglýsingar sem byggjast á upplýsingum um notandasnið), eða með notkun uppsafnaðra gagna eða gagna sem gerð hafa verið nafnlaus. Vera má að BlackBerry eða vottaðir þriðju aðilar sem BlackBerry hefur valið spyrji þig af og til hvort þú viljir fá viðbótarauglýsingar, fréttir, tilboð eða boð á atburði sem tengjast BlackBerry og þjónustu BlackBerry. Þú getur einnig kosið að veita BlackBerry upplýsingar til að bregðast við BlackBerry kynningum. Ef þú samþykkir að taka þátt í keppnum, könnunum, skoðunum eða öðrum kynningarherferðum eða taka við gjöfum þar sem BlackBerry er stuðningsaðili eða stuðningsaðili ásamt öðrum, skaltu lesa tilkynninguna sem gefin er út við slíkar athafnir til að fá nánari upplýsingar um notkun persónuupplýsinga þinna. Hverri sendingu á markaðsefni frá BlackBerry fylgir uppsagnarmöguleiki.

Vinsamlegast leitaðu í kaflann hér að neðan um **“Stjórnun kjörstillinga”** til að fá nánari upplýsingar um stjórnun á notkun vefkaka af hálfu BlackBerry.

d) Þjónustutengdar sendingar frá BlackBerry

BlackBerry getur einnig sent þér þjónustutengt efni. Til dæmis, þegar þú skráir búnaðinn þinn getur verið að BlackBerry sendi þér tölvuskeyti eða skilaboð til að bjóða þig velkominn/velkomna og til að upplýsa þig um þjónustu BlackBerry og skilmála hennar, mikilvægar breytingar, notkun innskráningarupplýsinga eða reiknings þíns, til að senda þér tilkynningar um þjónustuskipulag eða upplýsingar um uppfærslur, til að gefa þér upplýsingar um ábyrgð, afturköllun vara, öryggisupplýsingar eða til að senda þér kannanir á núverandi eða fyrri notendum. Þar sem slíkar þjónustutengdar sendingar eru mikilvægar fyrir notkun þína á þjónustu BlackBerry, er ekki hægt að segja upp áskrift að þessum sendingum.

e) Samnýting upplýsinga

Samkvæmt þessari stefnu um gagnaleynd, getur BlackBerry samnýtt persónuupplýsingar innan fyrirtækisins eða með þjónustuveitendum okkar. BlackBerry getur einnig deilt upplýsingum með fjármáladeild, tryggingum, lögfræðingum, bókhöldurum eða öðrum aðilum sem veita BlackBerry fagþjónustu. Í samræmi við þessa stefnu um gagnaleynd, getur BlackBerry einnig deilt upplýsingum með þriðju aðilum sem veita þér þjónustu BlackBerry, þ.m.t. með símafyrirtækjum, vottuðum endurseljendum, dreifiaðilum, söluaðilum eða greiðsluvinnslum, undirverktökum eða fyrirtækjum sem taka þátt í viðgerðum eða aðfangakeðju BlackBerry.

Í sumum tilfellum, þegar þú kaupir eða notar þjónustu þriðju aðila (t.d. þegar þú kaupir áskrift að efni eða halar niður forriti), getur verið að BlackBerry deili ákveðnum upplýsingum með þriðju aðilum þar sem þeir selja þér vöru, þjónustu eða hugbúnað. Upplýsingar um þig munu heyra undir stefnu þriðju aðila. Við hvetjum alla notendur okkar til að kynna sér nánar gagnaleynd þriðju aðila áður en ákvörðun er tekin um að kaupa eða fá vörur, þjónustu eða hugbúnað frá þeim.

BlackBerry notar bæði samningsbundnar aðferðir sem og aðrar aðferðir til að veita sambærilega vernd þegar tekið er við upplýsingum frá þjónustuveitendum okkar. Þegar þriðju aðilar fá trúnaðarupplýsingar eða persónuupplýsingar frá BlackBerry bindast þeir þagnarskyldu varðandi upplýsingar þessar. Til dæmis munu þjónustuveitendur okkar sem við látum persónuupplýsingar þínar í té samþykkja að halda upplýsingum þínum leyndum og nota þær einungis til þess sem þeim var áætlað eða til að fylgja gildandi lögum, nema í tilfellum þar sem krafist er eða leyfilegt samkvæmt lögum að BlackBerry láti frá sér þessar upplýsingar.

Ef eignir BlackBerry eða hluti eigna BlackBerry eru seldar til þriðja aðila, getur verið að BlackBerry láti kaupaðila persónuupplýsingar í té.

BlackBerry getur notað þriðju aðila (t.d. auglýsinganet) til að senda auglýsingar til ópersónulegra eiginda eða uppsafnaðra gagna sem fengist hafa frá notendasniðum BlackBerry og gefa þriðju aðilum almenn talnagögn sem tengjast viðeigandi auglýsingum. Vinsamlegast leitaðu í kaflann hér að neðan um **“Stjórnun kjörstillinga”** til að fá nánari upplýsingar um stjórnun markaðssetningar eða um sendingar markaðsefnis af hálfu BlackBerry.

f) Þjónusta frá þriðju aðilum

Sum forritanna eða þjónustunnar sem þú halar niður og notar í búnaðinum þínum eða í gegnum aðra þjónustu BlackBerry eru ekki í eigu BlackBerry. Þegar þú halar niður eða notar þjónustu frá þriðju aðilum, geta þeir fengið aðgang að persónuupplýsingum í gegnum búnað þinn eða aðra þjónustu BlackBerry. Til dæmis, þriðju aðilar geta fengið aðgang að gögnum í búnaðinum, s.s. tengiliðum, upplýsingum í dagbók, tölvupósti, staðarbundnum upplýsingum, eða fengið aðgang eða deilt skjölum eða gögnum sem geymd eru í búnaðinum (þ.m.t. aukþjónusta frá þriðju aðilum). Mælt er með að þú kynnis þér stefnur um gagnaleynd og alla samninga sem gerðir eru við þriðju aðila til að fá betri skilning á meðhöndlun persónuupplýsinga af hálfu þessara aðila, þar sem BlackBerry ber hvorki ábyrgð á samskiptum þínum við þá né á forritum þeirra, vörum, þjónustu eða hugbúnaði. BlackBerry hefur ekki stjórn á þeim aðferðum sem þriðju aðilar nota varðandi persónuupplýsingar sem þeir fá vegna þeirrar þjónustu þriðju aðila sem þú færð not af.

Í sumum tilfellum getur þú breytt þeim leyfum sem þriðju aðilar hafa fengið. Mælt er með að þú endurskoðir reglulega þessi leyfi, þ.m.t. sjálfgefin leyfi, sem og valkosta- eða stillingavalmynd búnaðar þíns til að kynna þér nánar öryggi og tiltæk eftirlit.

6. Nákvæmni persónuupplýsinga þinna

BlackBerry mun reyna, að skynsamlegu marki, að tryggja að persónuupplýsingar séu nægilega nákvæmar, fullnægjandi og uppfærðar. BlackBerry þarf á þér að halda við uppfærslu og leiðréttingu persónuupplýsinga þinna í hvert skipti sem þörf er á því.

7. Geymsla persónuupplýsinga

BlackBerry heldur áfram að þróa efnislegar, kerfislegar og tæknilegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar þínar frá tapi eða þjófnaði, óleyfilegum aðgangi, breytingum eða uppljóstrun í samræmi við hversu trúnaðarbundnar upplýsingarnar eru. Til dæmis, til að komast á vefsíðu frá BlackBerry þarft þú að skrá nafn þitt og aðgangsorð; síðan mun því vera búin mismunandi öryggisráðstöfunum til að sneiða hjá tapi, misnotkun og óleyfilegum breytingum á þeim upplýsingum sem þú sendir til BlackBerry. Með *Viðskiptastöðlum og -reglum* BlackBerry, mun starfsfólki BlackBerry vera gert kunnugt um mikilvægi þess að meðhöndla persónuupplýsingar á réttan og öruggan hátt, að geyma þær á öruggum stöðum og í öruggum kerfum, og að aðgangur að þeim sé takmarkaður við þá sem á þeim þurfa að halda af viðskiptaástæðum.

Þar að auki munu ákveðin kerfi og ferli BlackBerry vera vottuð reglulega af utanaðkomandi aðila (t.d. vottun í samræmi við staðla *ISO/IEC 27001:2005 Stjórnunarkerfi upplýsingaöryggis*).

a) Skylda þín að geyma persónuupplýsingar þínar

Þú ert einnig skyldug(ur) til að geyma persónuupplýsingar þínar. Hægt er að draga úr áhættu á óleyfilegum aðgangi að persónuupplýsingum þínum með almennum öryggisráðstöfunum. Til dæmis, þú er ábyrg(ur) fyrir því að nota viðeigandi öryggisráðstafanir til að stjórna aðgangi að búnaði þínum og tölvukerfi, t.d. með notkun aðgangsorðs sem aðrir munu ekki eiga auðvelt með að geta upp á (t.d. með því að nota punkta, númer, stóra og litla stafi og með því að velja aðgangsorð sem er nógu langt og inniheldur ekki nafn þitt eða heiti reiknings þíns), með notkun mismunandi aðgangsorða fyrir mismunandi þjónustu og með notkun uppfærðra veiruvarna.

Eins og greint er frá hér að ofan, getur þú í sumum tilfellum breytt leyfum sem veitt eru þriðju aðilum. Mælt er með að þú endurskoðir reglulega þessi leyfi, þ.m.t. sjálfgefin leyfi, sem og valkosta- eða stillingavalmynd búnaðar þíns til að kynna þér nánar öryggi og tiltæk eftirlit.

Ef þú endursendir, selur, eyðileggur, eða sendir búnað þinn eða aðra vöru frá BlackBerry til annars aðila eða fyrirtækis (t.d. þegar þú lætur BlackBerry eða annað fyrirtæki fá búnaðinn til viðgerða, endurnýjunar eða skiptingar) skaltu tryggja að allar persónuupplýsingar eða trúnaðargögn hafi verið fjarlægð eða þeim eytt úr búnaðinum, fylgihlutum hans og jaðartækjum (t.d. SIM-kort, microSD minniskort). Þú skalt einnig aðskilja búnað þinn frá öllum tölvupóstreikningum og annarri gagnþjónustu til að tölvuskeyti og gögn séu ekki send í búnaðinn (t.d. skilaboð frá forritaþjónum, tölvuskeyti sem send eru í gegnum netþjónustu BlackBerry, fjarstýrð öryggisafrit). Ef þetta er ekki gert, getur aðili sem notar búnaðinn á eftir þér fengið aðgang að persónuupplýsingum þínum og keypt áskriftir á þitt nafn sem gætu valdið þér kostnaði vegna netgagna. Þú getur kynnt þér hvernig þú getur verndað þig með því að fara í valkosta- eða stillingavalmynd búnaðar þíns, eða leitað að greinum þér til aðstoðar á www.blackberry.com, eða haft samband við símafyrirtæki þitt.

8. Áframhaldandi gegnsæisstefna BlackBerry

BlackBerry mun halda upplýsingum tiltækum til að notendur okkar fái betri skilning á meðhöndlun persónuupplýsinga hjá BlackBerry og hvernig best er að nota persónuupplýsingar þínar. BlackBerry hefur því gert mismunandi ráðstafanir, þ.m.t. þessa stefnu um gagnaleynd, gildandi tilkynningar og viðbótarupplýsingar sem geta verið tiltækar af og til á vefsíðum BlackBerry eða í búnaði þínum.

9. Þú getur fengið aðgang að persónuupplýsingum þínum

Með sendingu skriflegrar beiðni mun BlackBerry upplýsa þig um hvort fyrirtækið geymi persónuupplýsingar um þig og veita þér aðgang að upplýsingum þessum innan skynsamlegra tímamarka og gegn lágmarksgjaldi eða gjaldlaust í samræmi við gildandi lög. Ef þú verður var/vör við ónákvæmni eða ávöntun í persónuupplýsingum þínum, mun BlackBerry leiðrétta þessar upplýsingar og gera þriðju aðilum kunnugt um slíkt samkvæmt gildandi lögum.

Í sumum tilfellum og eftir gildandi lögum getur verið að BlackBerry geti ekki veitt þér aðgang að öllum persónuupplýsingum sem fyrirtækið geymir um þig. Til dæmis, BlackBerry getur ekki veitt þér aðgang að upplýsingum ef:

- hætta er á að fyrirtækið gefi upp upplýsingar um þriðju aðila;
- fyrirtækið væri grunað um að setja líf eða öryggi annars aðila í hættu;
- fyrirtækið uppljóstrar trúnaðargögnum BlackBerry eða þriðju aðila;
- upplýsingarnar innihalda gögn sem eru vernduð af friðhelgi málflytningssmanns eða lögfræðings; eða
- inniheldur gögn sem notuð voru vegna rannsókna á samnings- eða lagabroti.

Til að hindra óleyfilegan aðgang að persónuupplýsingum þínum, getur BlackBerry beðið þig um nægar upplýsingar til að hægt sé að auðkenna þig áður en þér er gefinn aðgangur að persónuupplýsingum þínum.

Eftir aðstæðum og gildandi lögum getur BlackBerry neitað ákveðnum aðgangsbæiðnum (t.d. aðgangsbæiðnum sem eru of oft endurtekna eða skipulegar, of óhentugar eða krefjast of mikillar tæknilegrar fyrirhafnar).

10. Spurningar eða athugasemdir? Hvernig hægt er að hafa samband við okkur

Þér er velkomið að senda spurningar eða athugasemdir til BlackBerry varðandi stefnu þessa um gagnaleynd og varðandi meðhöndlun okkar á persónuupplýsingum þínum. Ef þú hefur einhver spurnar- eða

athugunarefni, eða vilt fá aðgang að persónuupplýsingum þínum í samræmi við gildandi lög um friðhelgi einkalífs eða gagnavernd, skaltu vinsamlegast hafa samband við BlackBerry í gegnum tölvupóst eða bréf og við munum reyna að svara þér eftir bestu getu með:

- tölvuskeyti: privacyoffice@blackberry.com, eða
- skrifaðu bréf til skrifstofunnar sem er staðsett næst þér:
 - **BlackBerry Privacy Office c/o BlackBerry (attention Legal Department), 2200 University Avenue East, Waterloo, Ontario, Canada N2K 0A7**
 - **BlackBerry Privacy Office c/o BlackBerry (attention Legal Department), 200 Bath Road, Slough, Berkshire, United Kingdom SL1 3XE**
 - **BlackBerry Privacy Office c/o BlackBerry (attention Legal Department), 1 International Business Park, The Synergy Building, 2nd Floor, Singapore 609917**

a) Stjórnun kjörstillinga

Þú getur yfirleitt, með skynsamlegum fyrirvara, tekið til baka samþykki þitt um að leyfa BlackBerry að nota persónuupplýsingar þínar samkvæmt stefnu þessari um gagnaleynd sem bundin er lögum eða samningum. Til dæmis, þó hægt sé að nota þjónustu BlackBerry í ákveðnum tilgangi án þess þurfa að gefa upp persónuupplýsingar, getur BlackBerry þurft á persónuupplýsingum þínum að halda fyrir ákveðna þjónustu, þ.á.m. fyrir þjónustu sem þarf að borga fyrir eða þjónustu þar sem þörf er á innskráningu eða áskrift. BlackBerry getur þess vegna þurft að halda áfram að nota persónuupplýsingar þínar til að veita þér þá þjónustu sem þú biður um, og að þeim mörkum sem krafist er af hálfu BlackBerry eða í tilfellum þar sem slíkt er nauðsynlegt til að þú virðir skuldbindingar þínar gagnvart BlackBerry. Ef þú neitar að gefa BlackBerry þær upplýsingar sem um er beðið eða ef þú skrifar okkur á eitt ofangreindra heimilisfanga til að draga til baka samþykki þitt um að nota og gefa upp upplýsingar þessar, mun BlackBerry ekki geta haldið áfram að veita þér þjónustu sína.

Sendingar varðandi markaðssetningu eða markaðsefni: Þú getur sagt upp áskrift að sendingum með markaðsefni um vörur, þjónustu og hugbúnað BlackBerry eða BlackBerry® með því að:

- smella á uppsagnartengilinn sem er neðst í sendingum um markaðssetningu eða sem innihalda markaðsefni frá BlackBerry;
- gefa til kynna val þitt á www.blackberry.com/unsubscribe; eða
- skrifa til **BlackBerry Privacy Office c/o BlackBerry (attention Legal Department), 2200 University Avenue East, Waterloo, Ontario, Canada N2K 0A7** og gefa til kynna hvers konar sendingar um markaðssetningu og markaðsefni þú vilt ekki fá.

Netkökur: Eins og greint er frá hér að ofan, er einnig hægt að taka fyrir notkun netkaka af hálfu BlackBerry með eftirfarandi aðferðum:

- Breyttu stillingum vafrarans þíns til að hafna netkökum eða til að fá tilkynningu um að verið sé að senda netköku.
- Yfirleitt er hægt að nota stillingar vafrarans til að fjarlægja eða hindra netkökur frá vafraranum, en það getur haft áhrif á notkun ákveðins hluta þjónustu BlackBerry þar sem slíkt getur dregið úr virkni þjónustunnar eða stöðvað hana.
- Þú getur stöðvað ákveðnar **afkastakökur** á <http://metrics.blackberry.com/optout.html>.

b) Breytingar á stefnu þessari um gagnaleynd

BlackBerry mun uppfæra þessa stefnu um gagnaleynd af og til svo að hún sé í samræmi við tæknibreytingar og breytingar á gildandi lögum, þróun viðskiptahátta okkar og þarfir viðskiptavina okkar. BlackBerry ráðleggur þér að lesa þessa stefnu um gagnaleynd af og til yfir til að gera þér kunnugt um hvernig BlackBerry meðhöndlar persónuupplýsingar þínar. Ef breytingar eru gerðar á stefnu þessari um gagnaleynd, mun BlackBerry uppfæra "Síðast uppfært" dagsetninguna sem gefin er upp í stefnu um gagnaleynd.

Ef efnislegar breytingar sem gætu haft áhrif á þig eru gerðar, munum við gera notendum kunnugt um þær með því að setja áberandi tilkynningu á www.blackberry.com/legal. Eftir aðstæðum gætum við tekið ákvörðun um að senda notendum tilkynningu í tölvupósti. Ef þú heldur áfram að nota þjónustu BlackBerry eftir að hafa fengið tilkynningu um breytingar, mun það þýða að þú samþykkir þær breytingar.

Síðast uppfært 2014-09